


Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20111100165/þek


### Þingsályktunartillaga um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál


Vísað er til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 11.11.11, þar sem óskað er eftir umsögn um þingsályktunartillögu um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál.

Að mati Umhverfisstofnunar eru vefmyndavélar nokkuð dýr kostur til að kynna náttúruperlur Íslands. Stofnunin hefur farið þá leið að taka svokallaðar 360 gráðu myndir og birta á vefsíðu sinni. Það er ódýrari kostur og gefur ferðamanninum einstakt tækifæri til að upplifa staðinn. Stofnunin hefur hug á að útvíkka þessa hugmynd og nota svokallaða time-lapse myndatöku til nánari kynningar á árstíðabundnum breytingum.

Benda má á að myndir úr vefmyndavél kunna að vera áhugaverðar aðeins í stuttan tíma ársins, t.d. yfir varptíma. Kynningarmyndbönd, 360 gráðu myndir og time-lapse myndataka eru líklega hagkvæmari og beinskeyttari leið til að kynna t.d. friðlýst svæði.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Áki Ármann Jónsson  
sviðsstjóri